

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Reyðarfirði



Dags eftirlits	11.6.2014	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Rögnavaldur Kári Víkingsson	Staðsetning	725312,177 512055,178

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd við stöðina var gerð við loka í frárennsli mengunarvarnarpóla.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Reyðarfirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar í rekstrarhandbók voru í góðu lagi.

Allar mælingar sem kröfur eru gerðar um í starfsleyfi eru í góðu lagi. Geymar hafa verið þykktarmældir og lagnir þrýstiprófaðar. Olíuleifar í frárennsli þessarar stöðvar skal mæla á þriggja ára fresti nema vafi leiki á að frárennsli standist kröfur um hreinleika.

Bensín er geymt í stöðinni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífræna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirliggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuumrýtingarbúnað. Stöðin á Reyðarfirði hefur ekki gufuföfnunarbúnað.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir, svo og lekavarnir (þró) og olíuskiljur. Áfyllingarplön voru skoðuð. Girðingar og hlið voru í lagi.

Lokar í frárennsli þróa stóð lokaður. Fram kom hjá starfsmanni stöðvarinnar að vatn standi ekki uppi í þró og því ekki ástæða til að eiga við lokana. Ástæður þessa geta verið tvær, annars vega að lokar í þró séu óþéttir, eða þá að þéttilag í botni þróa hafi of mikla gegndræpi.

ATHUGASEMDIR

Lokar í frárennsli

Athugasemd var gerð við loka í frárennsli þróa. Eftirlitsaðili fór fram á að lokar í frárennsli þróa yrðu skoðaðir, þeir yfirfarnir eða skipt út allt eftir ástandi þeirra.

ANNAR

Umbunarkerfi

Umhverfisstofnun hefur ákveðið að umbuna fyrirtækjum sem standa sig vel í umhverfismálum með því að geta þess sérstaklega á heimasíðu stofnunarinnar hvaða fyrirtæki eru frávikalaus við eftirlit ársins. Olíubirgðastöðin á Reyðarfirði var frávikalaus á árinu 2013 (sjá heimasíðu, ust.is)

Reykjavík, 05.08.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.